# LÖG

4
25 febr.

um

**ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbanka Íslands h/f.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allt innstæðufé, sem tekið er til ávöxtunar í Útvegsbanka Íslands h/f. og útibúum hans, og kemur sú ábyrgð næst á eftir hlutafé og áhættufé bankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 25. febrúar 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Ásgeir Ásgeirsson.*